

Fundur foreldraráðs 20.maí 2015 kl. 20:00

Mættar eru: Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir formaður, Sif Sigurðardóttir varaformaður, Hugrún Vignisdóttir ritari og Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

1. Farið yfir almenn málefni leikskólans
2. Farið var yfir skólanámskrá samhliða athugasemdum foreldraráðs
3. Starfsreglur foreldraráðs voru lagaðar að starfi ráðsins.
4. Rætt um samstarf við foreldrafélag. Ákveðið að senda allar fundargerðir á milli foreldraráðs og foreldrafélags, hittast á sameiginlegum fundi í upphafi skólaárs og fleira sem stuðlar að gagnvirknu sambandi milli þessara aðila.
5. Kirkjuferðir. Foreldraráð er sammála um að kirkjuferðum á vegum leikskólans verði hætt í samræmi við reglur um samskipti skóla og trúfélaga í Árborg (<http://www.arborg.is/wp-content/uploads/2013/10/Reglur-umsamskipti-skola-og-trufelaga-i-Arborg-2014.pdf>).
 - a. Út frá kirkjuferðum var rætt um önnur verkefni sem hægt væri að hafa í staðinn sem allir gætu tekið þátt í. Sú hugmynd kom upp að búa til lýðræðisverkefni þar sem börnin kjósa um ákveðna valmöguleika í umhverfinu og kynnst þannig um leið grenndarsamfélaginu.
6. Önnur umræðuefni:
 - a. ART. Að beiðni foreldra var spurt hvers vegna Jötunheimar væru eini leikskólinn sem ekki væri að vinna eftir ART (www.isart.is). Guðný fór yfir það sem verið er að gera gott í leikskólanum og benti á þann punkt að eitthvað þyrfti að víkja skildi öðru bætt inn.
 - b. Stungið upp á því að hafa ömmu og afa kaffi eftir hádegið á næsta skólaári. Mörg börn fara í uppnám þegar ömmur og afar þurfa að fara og þá fleiri sem geta tekið börnin með sér heim á þessum tíma en á morgnana.
 - c. Farið yfir yfirlit af fjárhagsáætlun, starfskýrslu og mat á skólastarfi. Skoðað betur á haustfundi.
 - d. Allir aðilar foreldraráðs gefa kost á sér áfram í ráðið á næsta skólaári.

Næsti fundur foreldraráðs áætlaður í október 2015.

Fundi slitið kl. 21:45.